

Fundur í foreldraráði Vallarsels, 25.jan 2019. Kl. 8.00.

Mættar ásamt Björgu skólustjóra, fulltrúarnir Ása Katrín Bjarnadóttir og Erla Karlsdóttir. Regína Björk Ingþórsdóttir boðaði fjarveru vegna veikinda..

Fulltrúar boðnir velkomnir. Eftirfarandi var rætt:

Sumarleyfi 2019: Foreldraráðið gerði athugasemd um þau tímabil sem mögulega kæmu til greina í könnun til foreldra, vegna þess óhagræðis sem myndi skapast ef yrðu valdir kostir nr. 1 eða 2. Það kæmi sér illa fyrir þau börn sem væru að byrja í grunnskóla að geta ekki verið sem lengst fram á sumarið og þyrftu þá að koma aftur svo myndi aðlögun hefjast mun seinna. Ráðið ætlar að koma þessu á framfæri í bréfi við skólaskrifstofu.

Björg sagði það ekkert launungarmál að tímabilið 8.júlí-2.ágúst kæmi sér langbest fyrir allt skipulag skólans og starfsmenn. Eftirfarandi tímabil koma mögulega til greina en eru ekki ákveðin:

- ✚ Nr.1. 24.júní-19.júlí - opnað aftur mánudaginn 22.júlí - 2 vikur í versló
- ✚ Nr.2. 1.-26.júlí - opnað aftur mánudaginn 29.júlí - 1 vika í versló
- ✚ Nr.3. 8.júlí-2.ágúst - opnað aftur þriðjudaginn eftir verslunarmannahelgi 6.ágúst

Veikindi og langtímaveikindi: Upplýst var um mikil veikindi og langtímaveikindi starfsmanna það sem af er vetri.

Barnafjöldi, skipulag og innritun fyrir haustið 2019: Rætt var um samþykki skólaráðs að taka inn börn fædd til og með maí 2018 í haust. Til að koma til móts við það verður sett niður hús við einhvern leikskólann og er það í vinnslu. Áfram er svo unnið að skipulagi og undirbúningi fyrir nýjan leikskóla sem er orðin brýn nauðsyn að komi.

Þá var líka rædd aldurssamsetningin sem verður í skólanum næsta vetur, sem er frekar óhagstæð vegna þess hversu misjafn fjöldinn er í hverjum árgangi. Óvíst er núna hvernig við því verður brugðist á hverri deild.

Vinna við skipulag persónuverndargagna: Er búin að ganga vel en mjög mikil vinna að koma því öllu heim og saman til að uppfylla lagaskylduna.

Afmæli Vallarsels: Mánudaginn 20.maí verður skólinn 40 ára og voru fulltrúar beðnir að koma með hugmyndir fyrir það. Afmælisnefnd er innan skólans og svo mun jafnvel verða kallað eftir hugmyndum foreldra. Útskrift árg 2013 verður föstudaginn 17.maí .

Ný heimasíða: Komin í loftið og er nú tengd Karellen. Slóðin er: vallarsel.leikskolinn.is Fleira ekki rætt.